

Miðvikudaginn 29. maí 1940.

Nr. 61/1940. **Jón Grímsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Eyjólfi Leós

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Fjárnám, gert í skaðabótakröfu, er sótt var fyrir dómstólum, gekk fyrir áðurgerðu framsali kröfunnar til tryggingar skuld, er síðar kynni að stofnast.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir uppkveðið Björn Þórðarson, lögmaður í Reykjavík.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. marz 1940, hefir krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Framsal Steins Leós á skaðabótakröfu sinni þann 21. júní 1937 til stefnda var tryggingarráðstöfun, að því leyti sem fullnægja átti kröfum, er stefndi síðar kynni að eignast á hendur Steini. Við tryggingargerning þenna var ekki gætt þeirra reglna, sem nauðsynlegar eru til stofnunar lögmeats veðs, tilkynningar til skuldunauts eða þinglýsingar. Verður greint framsal þess vegna að vikja fyrir fjárnáminu frá 1. október 1937, sem ekki hefir verið áfrýjað, og ber því að taka kröfu áfrýjanda í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Jón Grímsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Eyjólf Leós, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. janúar 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., er með samkomu-
lagi málsaðilja höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu,
útgefinni 16. marz f. á., af Eyjólf Leós, verzlunarmanni hér
í bæ, gegn Jóni Grímssyni, Ísafirði. Krefst stefnandi þess,
að viðurkennt verði með dómi réttarins, að sér beri að fá
greiddar þær eftirstöðvar af bótafé vegna Steins Leós, að
upphæð kr. 2525.83, sem geymdar eru hjá hrm. Jóni Ás-
björnssyni hér í bæ, svo og að stefndur verði dæmdur til
að greiða sér 3% ársvexti af upphæð þessari frá 8. des.
1938 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt
mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, er verði
dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað að mati rétt-
arins. Í sýknukröfu sinni kveður stefndur jafnframt felast
kröfu um, að viðurkenndur verði réttur hans til að fá
greidda nefnda fjárhæð hjá hrm. Jóni Ásbjörnssyni.

Málsatvik eru þau, að þegar í byrjun árs 1935 skuldaði
bróðir stefnanda, Steinn Leós, þá kaupmaður á Ísafirði, hon-
um nokkrar fjárhæðir vegna greiðslu á víxlum stefnds. Hinn
25. júlí 1935 varð Steinn fyrir bifreið á Ísafirði og hlaut
af því mikil meiðsl, og leiddi slys þetta m. a. til þess, að
hann varð að hætta verzlun sinni, og jókst skuld hans við
stefnanda stöðugt. Með umboði, dags 23. maí 1936, veitti
Steinn bróður sínum, stefnanda þessa máls, fullt umboð
til þess fyrir sína hönd að leita samninga við vátrygg-
ingarfélagið „Danske Lloyd“, þar sem umrædd bifreið var
tryggð, um greiðslu skaðabóta vegna slyssins, svo og veita
móttöku og kvitta fyrir væntanlega skaðabótagreiddslu og
höfða mál, ef þess gerðist þörf. Þessar umleitanir við vá-
tryggingarfélagið báru ekki tilætlaðan árangur, og í árs-
byrjun 1937 var svo komið, að því er stefnandi segir, að ekki

lá annað fyrir Steini en að sækja um sveitarstyrk til framfærslu sér og sínum. Kveður stefnandi, að hann og aðrir vandamenn Steins hafi fyrir enga muni viljað, að gripið yrði til þessa úrræðis, og það síðan orðið að samkomulagi, að hann, (Eyjólfur) lánaði Steini mánaðarlegan framfærslueyri (kr. 150.00). Með stefnu, útgefinni 11. jan. 1937, hafði Steinn í eigin nafni höfðað mál hér fyrir rétti gegn eiganda áðurnefndrar bifreiðar, Karli Bjarnasyni, og krafðist hann þar skaðabóta, að upphæð kr. 14591.00, auk vaxta og kostnaðar. Lauk því máli með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 16. apríl 1937, þar sem stefndum Karli var gert að greiða stefnandanum, Steini Leós, kr. 5031.00 auk vaxta og málskostnaðar. Hinn 21. júní 1937 framseldi Steinn stefnanda þessa máls skaðabótakröfu sína með svo hljóðandi yfirlýsingu: „Ég undirritaður framsel hér með hr. Eyjólfu Leós skrifstofumanni, Reykjavík, til fullrar eignar og umráða skaðabótakröfu þá, er ég á á hendur vátryggingarfélaginu Danske Lloyd, Reykjavík, enda greiði hann mér eða þeim, er ég tilvísa, mismun þann, er verða kann á upphæð þeirri, er hann þannig fær greidda, og skuld minni við hann við endanlegt uppgjör á okkar viðskiptum. Er því nefndu vátryggingarfélagi hérmeð heimilað að greiða ofanrituðum Eyjólfu Leós væntanlegt skaðabótafé gegn kvittum hans á framsal þetta.“

Framsali þessu fylgir bréf (dags. sama dag) frá Steini til stefnanda, og segir þar meðal annars: „Eftir beiðni þinni sendi ég þér hér með kröfuframsali til tryggingar upphæð þeirri, er þú átt hjá mér. Framsel til þin allri upphæð þeirri, er ég kann að fá greidda í skaðabætur frá Danske Lloyd. Mismuninum, ef einhver verður, ráðstafa ég síðar, eða þegar þar að kemur.“ Hinn 25. júlí 1937 var nefndu skaðabótamáli síðan áfrýjað til hæstaréttar, þar sem það, þrátt fyrir framsalið, var rekið í nafni Steins, en óvæfengt er, að stefnandi þessa máls hafi borið allan kostnað af málarekstrinum. Málinu lauk síðan fyrir hæstarétti með dómi, uppkveðnum 14. nóv. 1938, þar sem stefndum, Karli Bjarnasyni, var gert að greiða Steini Leós kr. 8.712.80 með 5% ársvöxtum frá 11. jan. 1937 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað. Meðan þessu fór fram og síðan, hefir skuld stefnds við stefnanda aukizt jafnt og þétt, og nam hún hinn 26. jan. f. á. kr. 10726.50.

Með dómi gestaréttar Ísafjarðar, uppkveðnum 22. júlí 1935, var nefndur Steinn Leós ásamt Ólafi Halldórssyni og Halldóri Halldórssyni dæmdur til að greiða Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði vixilskuld, að upphæð kr. 2400.00, auk 6% ársvaxta frá 28. júlí 1934 til greiðsludags, kr. 8.00 í þóknun, kr. 7.50 í afsagnarkostnað og kr. 50.00 í málskostnað. Skuld þessa leysti dánarbú Halldórs Halldórssonar til sín, og var búinu framseld dómkrafan þann 22. okt. 1935. Ólafur Halldórsson greiddi síðan upp í kröfuna kr. 500.00, en á uppboði þann 23. okt. 1936, var krafan seld hæstbjóðanda, stefndum í máli þessu, fyrir kr. 41.00 með þeirri athugasemd, að hún gildi ekki á hendur nefndum Ólafi. Var dómurinn birtur Steini þann 27. nóv. 1936, og með beiðni, dags. 5. febr. 1937, fór stefndur fram á, að fjárnám yrði gert hjá Steini til tryggingar kr. 1900.00 af dómkröfunni auk vaxta og kostnaðar. Fjárnámsgerð þessi fór síðan fram á heimili Steins þann 1. okt. 1937, og er m. a. bókað í fógetaréttarbókina á þessa leið: „Gerðarbeiðandi er mættur í réttinum og krefst þess, að fjárnámið fari fram. Í réttinum er gerðarþoli einnig mættur. Fógeti skoraði þá á gerðarþola að greiða fyrrnefndar kröfur, en hann kveðst ekki geta það. Fógetinn skoraði þá á gerðarþola að benda á eignir, sem hann ætti og gera mætti fjárnám í“ . . . Gerðarþoli kveðst ekki geta bent á neitt annað en von sína í skaðabótakröfu, er gerðarþoli kveðst hafa gert á hendur Karli Bjarnasyni og Danske Lloyd og honum hafi verið tildæmt upp í kr. 5031.00 með dómi bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl s. l. í málinu: Steinn Leós gegn Karli Bjarnasyni (Danske Lloyd), en dómi þessum hefir nú verið áfrýjað til hæstaréttar, og benti hann á þetta. Fallið var frá virðingu á nefndri skaðabótakröfu. Fógeti lýsti þá yfir því, að fjárnám væri gert í nefndri skaðabótakröfu til tryggingar fjárnámskröfunni að geymdum betri rétti þriðja manns . . . Upplesið, staðfest . . .“ Undir gerðina rita auk fógetans báðir aðiljar, svo og tveir vottar, Jón Finnsson og Guðbjartur Jónsson. Með bréfi, dags. 28. okt. 1937, tilkynnti málflytningsmaður stefnds hér í bæ Sjóvátryggingarfélagi Íslands, sem komið var í stað Danske Lloyd, að fjárnám þetta hefði farið fram, og krafðist jafnframt greiðslu, er fullnaðardómur væri genginn í skaðabótamálinu. Einnig var þáverandi málflytningsmanni Steins, Stefáni Jóh. Stefánssyni hrm., tilkynnt þetta með bréfi, dags. sama dag.

Er síðan kom að því, að bótakrafa Steins samkv. hæstaréttardóminum skyldi gerð upp (samtals kr. 10319.94), mótmælti stefndur því, að stefnandi fengi greidda alla þá upphæð, og krafðist þess, að fjárnámskrafa hans, kr. 2525.83, gengi til sín á undan framsalskröfunni. Varð það þá að samkomulagi með aðiljum, að málflutningsmaður Karls Bjarnasonar og váttryggingarfélagsins, Jón Ásbjörnsson hrm., skyldi geyma nefnda upphæð, þar til samkomulag fengist í málinu eða dómstólarnir hefðu skorið úr þessum ágreiningi aðiljanna. Samkomulag hefir ekki náðst, og hefir stefnandi því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar réttarkröfur, sem hann byggir á því, að áður nefnt framsal til sín sé fullgilt, og verði nefnt fjárnám, sem gert hafi verið að áskildum betra rétti þriðja manns að þoka fyrir því, auk þess sem stefnandi hefir í síðari greinargerð sinni véfengt gildi fjárnámsgerðarinnar á þeim grundvelli, að annar réttarvottanna, Guðbjartur Jónsson, hafi ekki verið viðstaddur, er fjárnámið fór fram. Þessum andmælum stefnanda hefir stefndur mótmælt sem of seint fram komnum, og verður, eins og á stendur, að fallast á það.

Réttarkröfur sínar byggir stefndur í fyrsta lagi á því, að nefndar framsalsyfirlýsingar Steins Leós og reikningsyfirlit stefnanda séu gerð „pro forma“, komin fram í því eina tilefni, að þá hafi verið kunnugt um fjárnámsbeiðni sína og í þeim tilgangi einum að eyðileggja rétt sinn samkvæmt væntanlegu fjárnámi. Gegn eindregnum mótmælum stefnanda eru þó engar sönnur færðar á þessar staðhæfingar stefnds, enda hefir hann á síðara stigi málsins ekki véfengt framlagðan reikning um skuld Steins við stefnanda.

Þá hefir stefndur haldið því fram, að þótt áður nefnd framsöl væru rétt, eigi stefnandi samkv. hljóðan þeirra ekkert tilkall til hinnar umræddu upphæðar. Samkvæmt framsalsyfirlýsingunni sjálfri frá 21. júní 1937 og meðfylgjandi bréfi framselji Steinn stefndanda hina væntanlegu skaðabótaupphæð til tryggingar þeirri upphæð, er stefnandi eigi þá hjá Steini (sbr. orðalagið: „enda greiði hann mér eða þeim, er ég til vísa, mismun þann, er verða kann á upphæð þeirri, er hann þannig fær greidda, og skuld minni við hann“ og sérstaklega orðin í bréfinu: „til tryggingar upphæð þeirri, er þú átt hjá mér“ ... mismun-

inum, ef einhver verður, ráðstafa ég síðar...“). Heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi þannig ekki fengið framselda hærri upphæð en þá, er Steinn skuldaði honum þann 21. júní 1937, en til vara þá upphæð, er Steinn skuldaði, er fjárnámið var framkvæmt hinn 1. okt. s. á., en í báðum tilfellum hafi þá verið eftir nægilegt fé til lúkn-ingar fjárnámskröfunni.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að orðalag framsalsins og bréfsins sýni það glögglega, að framsalið hafi bæði náð til allrar þeirrar upphæðar, er Steinn myndi fá í bætur vegna slyssins, svo og, að það var gert til tryggingar kröfu stefnanda á Stein, eins og hún yrði við „endanlegt uppgjör ... á viðskiptum“ þeirra, enda hafi þegar við framsalið verið kunnugt um þær mánaðarlegu greiðslur, er stefnandi ætlaði að inna af hendi til Steins, eins og áður er getið. Verður að fallast á þessa skoðun stefnanda og þykir því þessi sýknuástæða stefnds heldur ekki hafa við rök að styðjast.

Loks hefir stefndur haldið því fram, að framsalið hafi ekki gilt gagnvart sér og fjárnám sitt í nefndri skaðabótakröfu standi óhaggað, þar sem stefnandi (framsalshafi) hafi ekki tryggt rétt sinn með því að tilkynna váttryggingarfélaginu framsalið.

Það er upplýst í málinu, að áðurnefndur málflutningsmaður Steins Leós eða félagi hans, hrm. Guðm. Í. Guðmundsson, hafði við samningsumleitanir við váttryggingarfélagið og síðan í rekstri skaðabótamálsins í höndum fyrrgreint umboð til handa stefnanda þessa máls og hefir því ómótmælt verið haldið fram, að váttryggingarfélaginu hafi verið kunnugt um það og að greiðsla bótafjárins til Steins færi í gegnum hendur þeirra. Einnig hefir Guðmundur Í. Guðmundsson hrm. ómótmælt haldið því fram, að áður taldar framsalsyfirlýsingar til stefnanda hafi borizt sér þegar í júní 1937 og hafi hann ekki talið nauðsyn á að tilkynna váttryggingarfélaginu framsalið, þar sem hann hafi vitað, að greiðsla á væntanlegu bótafé mundi samkvæmt framansögðu fara fram til sín. Verður að fallast á, að tilkynning til váttryggingarfélagsins til að varna því, að félagið ráðstafaði bótafénu í bága við framsalið, hafi, eins og á stóð, ekki verið nauðsynleg, og sama verður álitnið gilda, þótt umrætt framsal verði talið hafa verið gert full-

komlega í tryggingarskyni, þar sem líta verður svo á með hliðsjón af vitnaframburðum þeirra Jóns Finnssonar og fúgetans við áðurnefnt fjárnám, Sigurðar Þorkelssonar, að stefndur hafi við fjárnámið ekki verið óvitandi um greinda ráðstöfun á bótakröfu þeirri, er hann lét gera fjárnám í, enda getur það út af fyrir sig, að Steinn Leós skyldi benda á „von sína í“ skaðabótakröfunni til fjárnáms, ekki talizt óeðlilegt, þegar tekið er tillit til þess, hve há sú krafa var, er hann gerði í oftnefndu skaðabótamáli. Að þessu athuguðu þykir sýknukrafa stefnds ekki hafa við rök að styðjast, og verða því úrslit málsins þau, að allar réttarkröfur stefnanda verða teknar til greina, þar á meðal vaxtakrafa hans, sem engum andmælum hefir sætt. Eftir atvikum þykir og rétt, að stefndur greiði stefnanda kr. 100.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefnandanum, Eyjólfí Leós, skal heimilt að fá greiddar þær eftirstöðvar af bótafé vegna Steins Leós, að upphæð kr. 2525.83, sem geymdar eru hjá hrm. Jóni Ásbjörnssyni. Stefndur, Jón Grímsson, greiði stefnandanum 3% ársvexti af kr. 2525.83 frá 8. des. 1938 til greiðsludags og kr. 100.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. maí 1940.

Nr. 8/1940. Björn Gottskáلكsson
gegn

Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björn Gottskáلكsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.
